



## Fundargerð

1556. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,  
19. mars 2026, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Njarðarvellir 2 - Sala á húsnæði (2025040506)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mætti á fundinn.

Lagt fram söluýfirlit fasteignarinnar Njarðarvellir 2.

Bæjarráð samþykkir 3-0 að hefja ferli við sölu á Njarðarvöllum 2 og felur Unnari Steini Bjarndal bæjarlögmanni að vinna áfram í málinu. Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir Sjálfstæðisflokkur sitja hjá.

### Bókun Margrétar A. Sanders og Margrétar Þórarinsdóttur:

„Sjálfstæðisflokkurinn er hlynntur því að seldur verður eldri hluti hjúkrunarheimilis Nesvalla. Sjálfstæðisflokkurinn telur skynsamlegt að áður en húsnæðið er sett á sölu verði gert verðmat á húsnæðinu með tilliti til þess leigusamnings sem nú er í gildi, ástands hússins, lán sem hvíla á húsinu og eignaskiptayfirlýsingar áður en húsnæðið er sett á sölu þannig að hægt sé að setja sér raunhæft markmið með það verð sem eðlilegt er að Reykjaneshæjar sætti sig við. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja því hjá.“

Margrét Sanders, Margrét Þórarinsdóttir Sjálfstæðisflokkur

### 2. Sértek búsetuúrræði fyrir fólk með fötlun (2026020053)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Ólafur Garðar Rósinkarsson verkefnastjóri í málefnum fatlaðra mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað sem tekið var fyrir á fundi velferðarráðs Reykjaneshæjar 12. mars sl.

Bæjarráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs og Ólafi Garðari Rósinkarssyni verkefnastjóra í málefnum fatlaðra að vinna þarfagreiningu, kostnaðaráætlun og framtíðarsýn og leggja fyrir á næsta fundi velferðarráðs líkt og verklagsregla VRL-0044 segir til um.

### 3. Skammtí mavistun fatlaðra barna (2026030166)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað vegna skammtí mavistunar fatlaðra barna.

Bæjarráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs og Ólafi Garðari Rósinkarssyni verkefnastjóra í málefnum fatlaðra að vinna aðgerðaáætlun og leggja fyrir fund bæjarráðs 22. apríl nk.

### 4. Sameining dagdvala (2024050055)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Margrét Arnbjörg Valsdóttir teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað vegna sameiningar dagdvala hjá Reykjanesbæ og endurskoðunar leigusamnings. Lagðar fram þrjár tillögur um fjármögnun á kostnaði við innanhússbreytingar sem þarf að fara í vegna sameiningar dagdvalanna.

Bæjarráð samþykkir að leið A og B í sameiningu dagdvala verði rýndar. Deildarstjóra eignaumsýslu Hreini Á. Kristinssyni falið að vinna málið áfram í samvinnu við fjármálastjóra Reykjanesbæjar. Málið verður tekið aftur á dagskrá bæjarráðs.

### 5. Uppgjör skulda Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. og Almennra íbúða hses. við Reykjanesbæ (2025040088)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs og Pálmar Guðmundsson framkvæmdastjóri Fasteigna Reykjanesbæjar mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað vegna uppgjors á skuldum Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. og Almennra íbúða hses. við Reykjanesbæ.

Bæjarráð samþykkir að ganga að uppgjörinu og felur Regínu F. Guðmundsdóttur sviðsstjóra fjármála- og stjórnarsýslusviðs að ganga frá málinu.

### 6. Kristján Pétur Ásmundsson (Fjölbrautaskóli Suðurnesja) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030270)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

### 7. Ársfundur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 27. mars 2026 (2026030263)

Lögð fram tilkynning frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um ársfund HSS.

### 8. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 12. mars 2026 (2026030004)

Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.

### 9. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 11. mars 2026 (2026010317)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

### 10. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 19. febrúar 2026 (2026030285)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.

**11. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2026010648)**

- Frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505. mál  
<https://www.althingi.is/altext/157/s/0847.html>

Umsagnarmál lagt fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.